

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 30. janúar 2020
UST201904-163/H.R.A.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar til eftirlitsskýrslu stofnunarinnar frá 25. nóvember 2019 þar sem óskað var eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna sjö frávika er fram komu við reglubundið eftirlit stofnunarinnar hinn 3. september 2019.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að urða allt að 3000 tonn af almennum neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 3312 tonn af úrgangi og er það umfram heimild í starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur dregið úr urðun árið 2019, urðunartölur fyrir janúar til og með september 2019 eru rúm 2.000 tonn. Rekstraraðili reiknar með því að magn úrgangs haldist áfram innan heimilda.**
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Ganga þarf betur frá gömlum gryfjum fyrir lífrænan úrgang þar sem vatn hefur safnast fyrir. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verða þeim úrbótum lokið fyrir 15. febrúar 2020.**
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Söfnunarkerfi fyrir hauggas er ekki til staðar á urðunarstaðnum. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila mun sveitarfélagið Hornafjörður óska eftir breytingu á lið 3.4 í starfsleyfi. Sveitarfélagið mun í kjölfarið senda inn formlegt erindi til UST og óska eftir að krafan um söfnun hauggas verði felld niður í ljósi tölulegra gagna sem liggja fyrir.**
4. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim en sígi ekki ofan í úrganginn. Frágangur á eldri urðunarreinum fyrir lífrænan úrgang telst ekki fullnægjandi þar sem vatn safnast í urðunarreinarnar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður tryggt að frágangur á eldri urðunarreinum fyrir lífrænan úrgang verði bætt og frágangi við eldri lífræna holu verði lokið fyrir 15. febrúar 2020.**
5. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, aurum, yfirborðsvatni og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Annað hvert ár skal mæla samsetningu grunnvatns neðan urðunarstaðar. Slíkar mælingar hafa ekki farið fram. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila verða viðeigandi ráðstafanir gerðar svo hægt verði að taka grunnvatnssýni neðan**

við urðunarstaðinn. Fundinn verður staður fyrir sýnatökubrunn í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands og mun hann verða tilbúinn áður en næsta reglubundna sýnataka er áætluð svo sýnataka geti farið fram líkt og starfsleyfi gerir kröfu um.

6. Gr. 5.4. í starfsleyfi. Rekstaraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á niðurstöðum telst ekki fullnægjandi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður unnið að því að bæta skráningar og skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí 2020.**
7. Gr. 5.5. í starfsleyfi. Rekstaraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Rekstaraðili skilaði grænu bókhaldi þann 17. júní 2019. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður leitast við að vinna að grænu bókhaldi um leið og magntölur fyrir árið 2019 liggja fyrir. Skil á grænu bókhaldi verði fyrir 1. maí 2020.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands